

Mánudagur 13. apríl 1987.

Nr. 114/1987. **Ákærvaldið**

gegn

**Þorgeiri Þorgeirssyni**

Kærumál. Kæruheimild. Máli vísað frá Hæstarétti.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með kæru Tómasar Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, er hann sendi sakadómi Reykjavíkur 24. mars 1987 og barst Hæstarétti 30. s.m. Er þess krafist að tiltekin ummæli í dómi sakadóms Reykjavíkur uppkveðnum 16. júní 1986 í málinu: Ákærvaldið gegn Þorgeiri Þorgeirssyni verði ómerkt.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti.

Í umræddum dómi var verjandi ákærða, Tómas Gunnarsson hæstaréttarlögmaður, víttur fyrir móðgandi ummæli um ríkissaksóknara og héraðsdómarann og fyrir aðrar tilefnislausar málsýfingar. Dómi þessum var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 30. september 1986 og biður málið flutnings.

Lagaheimild brestur til þess að kæra sérstaklega til Hæstaréttar réttarfarsvítur í héraðsdómi, enda er eigi skírskotað til neinnar kæruheimildar í kærinni. Ber þegar af þeirri ástæðu að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

---